

Nd.

880. Nefndarálit

um frv. til l. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefir ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Við leggjum til, að frv. verði ekki gert að lögum, þar sem fyrirsjáanlegt er, að þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, muni hvergi nærri nægja til að fullnægja tilgangi frv. og að lögin leiða óhjákvæmilega til aukinna og vaxandi útgjalda fyrir sveitar- og bæjarfélög í landinu, sem þegar eru flest í megnri fjárþröng. Leggjum við til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem lög heimila yfirstjórn fræðslumála fullnægjandi eftirlit með frágangi og verði skólabóka við barnafræðslu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. des. 1935.

Pétur Halldórsson,
frsm.

Eiríknr Einarsson.